

Starfsáætlun

2025– 2026



Lýðræði, sköpun, vellíðan og vinátta

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	5
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	7
2.1	Ytra mat.....	7
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	8
3.1	Starfsmannaandi	8
3.2	Húsnæði og aðstaða.....	9
3.3	Útinám	10
4	Innra mat og umbóta áætlanir deilda	11
4.1	Innra mat Lerki og Birkihlíðar 2024-2025	11
4.1.1	Styrkleikar	11
4.1.2	Tækifæri.....	11
4.2	Umbótaáætlun eldri deilda 2025-2026.....	12
4.2.1	Útinám	12
4.2.2	Kubbar	13
4.2.3	Málrækt	14
4.3	Innra mat yngri deilda 2024-2025.....	15
4.3.1	Styrkleikar	15
4.3.2	Tækifæri.....	15
4.4	Umbótaáætlun yngri deilda 2025-2026.....	16
4.4.1	Útinám	16
4.4.2	Leikurinn	17
4.4.3	Málörvun og málproski.....	18
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	19
6	Samstarf.....	20
7	Foreldrasamvinna.....	20
7.1	Markmið.....	20





7.2	Foreldraráð	21
7.3	Foreldrafélag	21
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22







1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024 til 2025 var lærdómsríkt og eftirminnilegt. Stafsfólkið sýndi mikla seiglu og tókst okkur þrátt fyrir miklar áskoranir að halda utan um deildastarfið og börnin í skólanum með ágætum. En það var einmitt vegna starfsfólksins sem að okkur tókst að skila góðu starfi.

Helstu áskorunin var að við settum í gang langvarandi faliðaaætlun, annars vegar vegna þess að illa gekk að manna leikskólann og hins vegar sökum veikinda í starfsmannahópnum. Eftir áramót fóru þrír deildarstjórar af yngri deildunum í langtíma veikindaleyfi. Við vorum hins vegar svo heppin að hafa frábæra einstaklinga í starfi sem tóku að sér deildarstjórástöðu og skiluðu af sér góðu starfi.

Leikskólastjóri fór einnig í veikindaleyfi í hálft ár og var aðstoðarleikskólastjóri starfandi leikskólastjóri frá október til mars.

Allt kapp var lagt á að halda utan um starfið á deildunum en öll hefðbundin foreldraviðtöl féllu niður. Stór foreldrafundur var haldin í febrúar og mætingin og þátttakan var mjög góð. Það var mikill áhugi á að taka þátt í foreldrafélagi og ráði og hefur samstarfið við foreldraráðið gengið mjög vel.

Það leynir sér ekki að börnunum líður vel og í síðustu foreldrakönnun kom fram að foreldrar voru almennt mjög sáttir með leikskólann, þó skiljanlega kæmu fram athugasemdir vegna faliðunaráætlunar og skorts á upplýsingaflæði. En slíkt er óhjákvæmileg afleiðing þess stjórnendur hafa ekki tíma og ráð til þess að sinna starfi sínu eins og best verður á kosið.

Starfsfólk leikskólans hefur staðið sig frábærlega og er ánægjulegt að nefna að fjórir starfsmenn voru í kennaranámi og á næsta skóla ári verðum við með fimm kennaranema. Það er mikill fengur fyrir leikskólann að hafa þessa öfluggu nema í starfi og munu þeir taka þátt í að byggja upp leikskólastarfið með öðrum stjórnendum í leikskólanum. Á starfsdögum höfum við lagt áherslu á fræðslu fyrir starfsmenn og síðasta skipulagsdag unnu starfsmenn samskiptasáttmála sem við erum gríðarlega stolt af.

Eftir áramót var farið í skipulagsbreytingar á yngri deildum, þeim fækkað úr þremur í tvær og stafsfólki var veitt öflugri leiðsögn. Þessar breytingar gengu vel fyrir sig og höfum við í hyggju að halda þessu fyrirkomulagi áfram. Deildirnar tvær nýta nú þriðja deildarrýmið sameiginlega og er ætlun okkar að það rýmis sé aðallega nýtt fyrir hreyfingu og sköpun enda er að mikilvægir þættir í þroska ungra barna. Þar fá þau sem sagt annars vegar að fá að hnoðast, klifra og hlaupa eins og þau lystir og hins vegar að fá útrás fyrir sköpunarkraftinn. Meiri stöðugleiki var á eldri deildunum, en þar er skipulagið hið sama, tvær deildir sem nýta þá þriðju sameiginlega. Áætlað er að sú deild sé kubbadeild, þar sem börnin fá að njóta sín að skapa m.a. með holu- og einingakubbum.



Síðast liðin tvö ár hafa stjórnendur einbeitt sé að því að fá leikskólann kláraðan, en ýmsu er ábótavant innan húss og einnig á enn eftir að klára leikskólalóðina. Foreldraráð hefur staðið við bakið á okkur í þeirri baráttu og eftir að hafa fundað með helstu aðilum skóla- og frístundasviðs er loksins kominn skriður á málin. Áætlað er að lóðin verði kláruð sumarið 2025 og eins á að fara í að lagfæra það sem þarf innan húss.

Leikskólinn, umhverfið og starfsmannaauðurinn hafa upp á marga góða og skemmtilega kosti að bjóða. Við lítum jákvæðum augum á næsta leikskóla ár þrátt fyrir langvarandi byrjunar örðuleika. Vonin er að í samvinnu við Borgina náum við að klára þau mál sem útaf standa eftir opnun leikskólans en aðeins þannig getur fagfólk Ævintýraborgar við Nauthólsveg unnið eftir bestu getu að stefnu leikskólans, skólanámskrá og námi barnanna.

Anna Metta Norðdahl

Leikskólastjóri í Ævintýraborg við Nauthólsveg





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Ytra mat

Hvað var metið?	Foreldrakönnun á vegum SFS
Hvernig fór matið fram?	Á netinu
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrahópur leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þátt fyrir erfiðan vetur og viðvarandi fáliðunar áætlun þá kom foreldra könnuninn ágætlega út og það sem okkur þykir vænst m er að foreldrum finnst börnunum sínum líða vel í leikskólanum sínum. Aðallega var bent á að upplýsingum frá stjórnendum væri ábótavant en það er eitthvað sem að stjórnendur hafa tekið til sín og bætt. Stefnt er að því að fara yfir athugasemdir með foreldraráði.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

3.1 Starfsmannaandi

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Starfsmannaandi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	• Sett hefur verið áætlun í gang með föst starfsmannaviðtöl og fundi. • Leikskólinn er ungur og því tækifæri til þess að skapa góða starfsmannamenningu og skemmtilegar hefðir
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	• Áætlað er að hafa almenn viðtöl í september og setja niður dagsetningar fyrir starfsþróunarviðtöl í byrjun árs. • Verklag um móttöku nýs starfsfólks. • Í samvinnu við allt starfsfólk koma með hugmyndir af viðburðum
Ábyrgð	Stjórnendur skólans ásamt leiðsagnakennara
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '25 til maí '25
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	• Stjórnendur skólans meta á stjórnarfundum og í mati með deildastjórum á deildastjórufundum. • Varðandi menningu og hefðir verður metið eftir hvern viðburð hvernig gekk og könnuð upplifun starfsfólks á skipulagsfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Stefnt að því að í byrjun apríl sé yfir starfsmannakönnun. 4. maí er síðasti skipulagsdagurinn og er einnig stefnt að því að kanna viðhorf starfsfólks.





3.2 Húsnæði og aðstaða

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Húsnæðið og aðstaðan í leikskólanum
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Húsnæðið er nýtt og býður upp á mikla möguleika en margt hefur komið í ljós sem hefði getað farið betur og birtist það bæði í því að margt hefur bilað en einnig hefur hönnunin ekki verið í góðu samfloti með barna og starfsmanna gildum. Þess vegna eru stjórnendur alltaf með hugann við það hvernig hægt er að samræma kröfur Reykjavíkurborgar um fjölda barna annars vegar og öryggi barna og starfsaðstöðu starfsfólks hins vegar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur hafa reynt að koma á samtali um hugmyndir um þessi mál við viðeigandi aðila innan borgarinnar og munu halda því áfram.
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. '25 til maí '25
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við vonumst til þess að málið verði metið með viðeigandi aðilum sem fyrst og síðan verður tímin að leiða í ljós hvernig tekst til.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Öryggiskröfur leikskólastarfs frá Heilbrygðist eftirliti Reykjavíkurborgar og Vinnueftirliti ríkisins.





3.3 Útinám

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám sem hornsteinn
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Þar sem að leikskólinn er staðsettur í Öskjuhlíðinni. Liggur beinast við að þróa gott útinám í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla á skipulagsdögum 2. október fræðsla frá útikennara Eftir áramót fræðsla frá Miðstöð Útináms
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 25 til desember '25 verður skipulag planað en í lok leikskólaárs verður þetta svo metið. Vinnan og skipulag útináms heldur svo áfram inni á deildum.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Upplýsingar verða teknar saman eftir fræðslu og þá sett upp skipulag en síðan metið í lok leikskólaársins
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Eftir þá fræðslu sem er á áætlun er planið að gera markmið sem að verður síðan metið í lok skólaárs með hliðsjón af þeirri vinnu sem að unnin verður á deildum.





4 Innra mat og umbóta áætlanir deilda

4.1 Innra mat Lerki og Birkihlíðar 2024-2025

4.1.1 Styrkleikar

- Á Lerkihlíð eru elstu börnin í leikskólanum. Ragna deildastjóri er reynslumikill kennari sem að stjórnar deildinni í samvinnu við skemmtilegt starfsfólk sem að hafa áhuga á námi barna og starfinu í heild.
- Á Birkihlíð er deildin sett upp með aðal áherslur leikskólans og deildarinnar í huga. Við teljum að þetta hafi heppnast vel.
- Í rýminu við hliðina á Birkihlíð er Reynihlíð. Í vetur var það gert að kubba herbergi og fengum við þá loksins almennilegt rými fyrir eininga- og holukubba. Þetta hefur reynst mjög vel og er kubba leikur barnanna að dafna og margar kubba borgir hafa litið dagsins ljós.
- Frá opnun hafa elstu börnin í leikskólanum mörg hver farið í hverfissskólana sína áður en þau klára leikskólagönguna og hafa því elstu árgangarnir verið fámennir en nú horfum við fram á aðra tíma og í fámenninu haft rými til þess að þróa menninguna á deildinni og kennsluna fyrir eldri börnin í leikskólanum.

4.1.2 Tækifæri

- Í vetur verður lögð áhersla á áframhaldandi vinnu við málrækt. Lubbstundir verða efldar söngstundir skipulagðar meðal annars með málrækt í huga.
- Á starfsdögum leikskólans munum við fá fólk og samtök sem að leggja áherslu á útinám til þess að styrkja okkur í útikennslu. Tækifærin sem að felast í því að vera við rætur Öskjuhlíðar eru mörg og ætlum við að nýta þau eins og kostur gefst.
- Kubbasvæði eldri deilda hafa verið efld og er nú verið að meta hvernig það svæði sem valið var fyrir kubba er að nýtast. Næstu skref er að kynna fyrir starfsfólki tækifærin sem að felast í kennslu með eininga og holukubba.



4.2 Umbótaáætlun eldri deilda 2025-2026

Á næsta leikskólaári munum við halda áfram þróa þá þætti sem að við vorum að vinna með á síðasta ári

4.2.1 Útinám

Birki og Lerkihlíð þriggja til sex ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að útinám verði stór hluti af skipulagi deildarinnar og eigi sinn fasta stað innan vikuskipulags en einnig að útikennsla sé sjálfsögð leið til náms í þáttum skólastarfsins.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í vetur verður lögð áhersla á fræðslu fyrir starfsfólk deildarinnar og að finna stað fyrir reglulega útikennslu og útiveru í vikuskipulagi.
Ábyrgð	Deildastjóri Lerkihlíðar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. september til 1. maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildastjórafundum í nóvember eftir utanaðkomandi fræðslu. Vinna vetrarins metin





4.2.2 Kubbar

Deild/aldur barna	Birki og Lerkihlíð þriggja til sex ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Kubbar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leikskólinn er ágætlega búin einingakubbum og holukubbum. Síðasta vetur fundum við gott rými fyrir kubba starf og stefnt er á að finna út hvernig best er að nýta þetta rými.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lesi sér til um vinnu með eininga og holukubba. Skrá hvernig rýmið er að nýtast og bæta aðstoðuna t.d. með betri mottum
Ábyrgð	Deildastjórar eldri deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar '26 febrúar '26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með skráningu í kubbaleik, ljósmyndir Deildastjórar rýna í nýtingu rýmisins og skráningar og sá stuðning á deildastjórafundum.





4.2.3 Málrækt

Deild/aldur barna	Birki og Lerkihlíð þriggja til sex ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun og málþroski
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leikskólinn er þessi misseri að vinna að málörvunarstefnu og ætlar að nýta vinnu vetrarins til þess að bæta í þá vinnu. Inn í leikskólanum er grunn þekking á vinnu með málörvunar tækinu Lubba og er stefnt að því að gera verklag með Lubba vinnu sem að fer stig af stigi eftir aldri barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	-Fara verður yfir Lubba vinnu á deildum og set niður áætlun fyrir hverja deild sem mun verða grunnur af vinnu með Lubba hvert aldurs ár barnanna í leikskólanum. - Fara yfir sönglög og þulur og setja upp góða söngbók með fjölbreytum textum sem að innuheldur lög sem að vekja áhuga barnanna, hefðbundin íslensk sönglög sem að ýta undir orðaforða, dægurlög og fl
Ábyrgð	Deildastjórar, sérkennslustjóri og stjórnendur leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '25 til maí '26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta Lubba stundir með skráningu Rýna í á deildastjórafundum og rýmihópi ábyrgðar aðila





4.3 Innra mat yngri deilda 2024-2025

4.3.1 Styrkleikar

- Starfsfólk og deildastjórar yngri deildanna eru verulega áhugasöm um starfið í leikskólanum og teljum við það vera gríðarlega mikilvægt
- Spennandi tímar framundan þar sem verið er að móta stefnu og áherslur starfs með yngri börnunum og leikskólans alls
- Starfsfólkið hefur lagt ýmislegt á sig í erfiðum aðstæðum þar sem að starfsmannaekkla hefur verið mikil og aðstæður ekki eins og best verður á kosið

4.3.2 Tækifæri

- Spennandi tækifæri skapast á yngstu deildunum í nýjum leikskóla til að þróa gott og spennandi starf
- Þrátt fyrir að húsnæðið sé ekki fullkomið þá býður nýtt húsnæði upp á skemmtilega möguleika.
- Einnig þá sjáum við tækifæri í því í framtíðinni að þróa starfið með yngstu börnunum enn betur og gera yngstu deildinna að góðri ungbarnadeild





4.4 Umbótaáætlun yngri deilda 2025-2026

4.4.1 Útinám

Deild/aldur barn	Víði og Grenihlíð 1 og hálf til þriggja ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að útinám verði stór hluti af skipulagi deildarinnar og eigi sinn fasta stað innan vikuskipulags en einnig að útikennsla sé sjálfsögð leið til náms í þáttum skólastarfsins.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í vetur verður lögð áhersla á fræðslu fyrir starfsfólk deildarinnar og að finna stað fyrir reglulega útikennslu og útiveru í vikuskipulagi. Finna leiðir til þess að aðlaga útinám leikskólans að yngstu börnunum
Ábyrgð	Deildastjórar yngri deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	september til 1. maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildastjórafundum í nóvember eftir utanaðkomandi fræðslu. Vinna vetrarins metin



4.4.2 Leikurinn

Deild/aldur barna	Víði og Grenihlíð 1 og háls til þriggja ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leikurinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Þar sem að börnunum hefur verið skipt upp í tvær deildir skapast rými til þess að setja upp gott leikrými og erum við að ath hvernig það mun nýtast sem best svo þau hafi viðeigandi rými, efnivið og tíma fyrir leikinn,
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Rýna í rýmið og finna út hvar leikurinn mun dafna sem best.
Ábyrgð	Deildarstjórar yngri deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 25 til mars 26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með skráningu og athugunum í deginum.





4.4.3 Málörvun og málþroski

Deild/aldur barna	Víði og Grenhlíð 1 og háls til þriggja ára
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun og málþroski
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leikskólinn er þessi misseri að vinna að málörvunarstefnu og ætlar að nýta vinnu vetrarins til þess að bæta í þá vinnu. Inn í leikskólanum er grunn þekking á vinnu með málörvunar tækinu Lubba og er stefnt að því að gera verklag með Lubba vinnu sem að fer stig af stigi eftir aldri barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	-Fara verður yfir Lubba vinnu á deildum og set niður áætlun fyrir hverja deild sem mun verða grunnur af vinnu með Lubba hvert aldurs ár barnanna í leikskólanum. - Fara yfir sönglög og þulur og setja upp góða söngbók með fjölbreytum textum sem að inniheldur lög sem að vekja áhuga barnanna, hefðbundin íslensk sönglög sem að ýta undir orðaforða, dægurlög og fl
Ábyrgð	Deildastjórar, sérkennslustjóri og stjórnendur leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September '25 til maí '26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta Lubba stundir með skráningu Rýna í á deildastjórafundum og rýmihópi ábyrgðaaðila



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

- Á hverjum skipulagsdegi er áætlað að fagfólk skólans séu með fræðslu fyrir annað starfsfólk. Í vetur stefnum við á að vera með fræðslu varðandi leikinn, málrækt, hegðunar áskoranir, vernd barna og sköpun
- Leikskólastjóri er búin að setja saman ýtarlega starfsmannahandbók sem að kynnt verður á skipulagsdegi og unnið með út veturinn
- Skyndihjálparnámskeið er áætlað á seinni önninni
- Við munum fá fræðslu um útinám frá utanaðkomandi aðilum í vetur
- Starfsþróunar viðtöl eru komin á dagskrá í vetur og munum við fara yfir þá ferla sem farið er eftir varðandi samtöl og viðtöl við starfsfólk



6 Samstarf

Elstu börnin fara í grunnskóla heimsókn með sínum kennurum í Hlíðaskóla í samstarfi við grunnskólann. Farið er í þrjár heimsóknir á vorönn. Skólinn skoðaður og prufað að vera inn í bekkjarkennslu, farið á forsyningu skólaleikrits að lokum fara börnin síðan í vorskóla með foreldrum sínum. Einnig er farið í heimsókn í Eldflaugina sem er frístund Hlíðaskóla.

7 Foreldrasamvinna

Áherslur vetrarins

Næsta vetur stefnum við að því að efla foreldrasamvinnu með eftirfarandi hætti.

- Efla foreldrafélagið og kynna fyrir foreldrum möguleika samstarfsins
- Festa í sessi hefðir og samvinnu
- Fara yfir hlutverk foreldraráðs
- Efla samvinnu stjórnenda og ráðsins í málefnum sem varða leikskólastarfið

7.1 Markmið

- að efla samvinnu og samskipti leikskóla og heimilis
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans og fá upplýsingar um barnið frá foreldrum
- að stuðla að þátttöku foreldra í samfélagi skólans

Á haustin er kynningarfundur fyrir foreldra í leikskólastarfinu og hefur það mælst mjög vel fyrir hjá foreldrum. Farið er yfir upplýsinga og boðleiðir í leikskólanum starfsfólk kynnt og sagt er frá áherslunum fyrir komandi skólaár. Þar gefst foreldrum líka tækifæri til að spyrja spurninga en ekki síst kynnast innbyrðis. Þessi foreldra fundur er líka til þess að kynna foreldrafélagið og foreldraráðið og skapa þannig gott skólasamfélag.

Boðið er upp á foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári eða oftari ef þörf er á. Viðtölin byggjast á upplýsingum um barnið og athugunum á færni og þroska í leik og starfi. Fyrsta viðtal á haustin snýst oftast um hvernig aðlögunin hefur gengið og hvernig barnið er að aðlagast inn í leikskólann.

Í seinna viðtalinu er farið yfir dvöl barnsins í leikskólanum. Stuðst er við matstæki eins og TRAS, Efi-2 og Hljóm-2 þannig er sjáfhjálpi, vitsmunaproski og hreyfiproski barnanna metinn. Í foreldraviðtölum fá foreldrar tækifæri til þess að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið.



Deildastjórar senda vikulega tölvupósta til upplýsinga um starfið, skrifa á Deildartöflu og deila myndum úr starfinu í tölvuskjá fyrir utan deild til að halda foreldrum upplýstum um starfið á deildinni.

7.2 Foreldraráð

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiraháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Á kynningafundi fyrir foreldra í upphafi skólaárs auglýsum við eftir foreldrum sem hafa áhuga á að vera í foreldraráð og útskýrum hvað fellst í því. Tilgangur foreldraráðs er að lesa yfir og gefa umsagnir til leikskólans um starfsáætlanir og skólanámskrár. Hlutverk ráðsins er einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Í ráðinu sitja

- Arna Stefanía Guðmundsdóttir
- María S. Castillo Feo La Cruz
- Ögmundur Eiríksson
- Ragna Hjartar

7.3 Foreldrafélag

Foreldrafélag er skipað af foreldrum og sér um að skipuleggja og standa undir kostnaði við ýmiskonar uppákomur fyrir börn í leikskólum. Má þar nefna sumarhátíð, jólagleði fá leikrit inn í skólann og reyna að fá foreldra til að vera virka í samfélagi skólans.

Í foreldrafélaginu sitja

- Daníel Takefusa Þórisson
- Laufey Ýr Birkisdóttir
- Íris Björk Hilmarsdóttir
- Thelma Eldrún Ísdögg Þórsdóttir
- Hafdís Arnardóttir





8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Avinýrarárgötu við Nausthólsveg

AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M Skipulagsdagur	1 M	1 L	1 M Fjölskyldudagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skipulagsdagur	1 F Vetrarskiptisdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F Skipulagsdagur	2 S	2 Þ	2 M	2 M	2 M	2 F Skíddagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 Þ	3 Þ	3 Þ	3 F Fostisdagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 F	4 F Fostisdagur verslunarmenn	4 L	4 Þ	4 F	4 M	4 M	4 M	4 L	4 M Skipulagsdagur	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Þakadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrúföstudagurinn	6 F Skipulag. Dagur kirkna	6 F	6 M Árnar / Þakum	6 M	6 L	6 M
7 F Leikskólinn opnar	7 S	7 Þ	7 F Vinadagurinn	7 S	7 M	7 L Dagur bókmennta	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sýnisdagurinn	7 Þ
8 F	8 M Dagur læris	8 M	8 L Eitli	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 M	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 Þ	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F Skírnisdagurinn	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 Þ	13 F	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 Þ	14 F Skipulagsdagur	14 S	14 L	14 L	14 L Dagur stærfræðna	14 Þ	14 F Uppsalgrindardagur	14 S	14 Þ
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 Þ Þrúföstudagurinn	16 F	16 S Dagur barna	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Skírnisdagurinn	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur matarættis	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F Umhverfisdagur	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorlaksmessi	23 F	23 M	23 M	23 F Sónardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Hvítasundardagur	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F Jóladagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Árnar / Hvítasundur	25 F	25 L
26 Þ	26 F Einvörskel tungumálið	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 F	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F Þrúföstudagurinn	29 M	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Skírnisdagurinn	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 S	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	31 Þ	31 Þ	31 S	31 S	31 F	31 F

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frí dagar nemenda í grunnskólum en hlínir þeir geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skírnisdagurinn í leikskólum er til og gjöld lækkuð vegna þessa. Foreldrar sem þurfa vísun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvöla í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmærki tuttugu virka daga í sumarið. Leikskólasjónið ákveður, að höfðu samráði við starfsmann og foreldradóttur, vikunúmer leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur sumarið eða loki samtíð í til og tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasvós er að í hverju hvern leikskólaþingendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



F. h. leikskólans Ævintýraborgar við Nauthólsveg

Sigrún Eiríksdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri

Reykjavík 30. ágúst 2025





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Ragne Hjartar

Foreldraráð leikskólans skipa:

- Arna Stefanía Guðmundsdóttir
- Maria S. Castillo Feo La Cruz
- Ögmundur Eiríksson
- Ragna Hjartar







Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei

Fulltrúar í foreldraráði:

- Arna Stefanía Guðmundsdóttir
- María S. Castillo Feo La Cruz
- Ögmundur Eiríksson
- Ragna Hjartar

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Ragna Hjartar

